

AFKOMA ARION BANKA Á FYRSTU ÞREMUR MÁNUÐUM ÁRSINS 2017

Fyrsti ársfjórðungur 2017 samanborinn við fyrsta ársfjórðung 2016:

- Rekstrartekjur 12,5 ma.kr. (12,0 ma.kr.)
- Hagnaður 3,4 ma.kr. (2,9 ma.kr.)
- Hagnaður á hlut í kr. 1,60 (kr. 1,24)
- Vaxtamunur (NIM) 2,8% (3,1%)
- Arðsemi eiginfjár 6,3% (5,7%)
- Kostnaðarhlutfall 64,4% (60,2%)
- Hlutfall eiginfjárbáttar A 27,1% (26,2%)

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri:

Rekstur bankans er stöðugur og bankinn er fjárhagslega sterkur eins og 28% eiginfjárlutfall ber með sér. Fjárfestingar bankans á síðasta ári hafa jákvæð áhrif á rekstur bankans. Má þar meðal annars nefna aukningu í þóknatekjum í kjölfar þess að Arion banki tók yfir fjármálaþjónustu á Keflavíkurflugvelli í maí 2016. Einnig aukast tekjur vegna tryggingastarfsemi sem nú er stærri hluti af starfsemi bankans eftir að kaup á tryggingafélaginu Verði gengu í gegn á síðasta ári.

Hagnaður Arion banka á fyrstu þremur mánuðum ársins 2017 nam 3,4 milljörðum króna samanborið við 2,9 milljarða króna á sama tímabili 2016. Arðsemi eigin fjár var 6,3% samanborið við 5,7% fyrir sama tímabil árið 2016.

Heildareignir námu 1.119,7 milljörðum króna í lok mars samanborið við 1.036,0 milljarða króna í árslok 2016 og eigið fé hluthafa bankans nam 214,6 milljörðum króna í lok mars, samanborið við 211,2 milljarða króna í árslok 2016. Efnahagur bankans er sterkur og hefur mikil áhersla verið lögð á að tryggja lausafjárstöðu í tengslum við afnám fjármagnshafta, sem nú er að mestu lokið.

Eiginfjárlutfall bankans var 28,0% í lok mars en var 27,1% í árslok 2016. Hlutfall eiginfjárbáttar A hækkaði og nam 27,3% samanborið við 26,5% í árslok 2016.

Helstu rekstrar- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

Í milljónum króna	3 mán. '17	3 mán. '16	Breyt.	Breyt.%
Hreinar vaxtatekjur	7.160	7.273	(113)	(2%)
Hreinar þóknatekjur	3.330	3.218	112	3%
Aðrar tekjur	2.023	1.468	555	38%
Rekstrartekjur	12.513	11.959	554	5%
Rekstrarkostnaður	(8.056)	(7.198)	(858)	12%
Bankaskattur	(797)	(742)	(55)	7%
Hrein virðisbreyting	880	(503)	1.383	(275%)
Hagnaður fyrir skatta	4.540	3.516	1.024	29%
Tekjuskattur	(1.334)	(737)	(597)	81%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	147	104	43	41%
Hagnaður	3.353	2.883	470	16%
Helstu kennitölur				
Arðsemi eigin fjár	6,3%	5,7%		
Hagnaður á hlut (í krónum)	1,68	1,24		
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,8%	3,1%		
Kostnaðarhlutfall	64,4%	60,2%		



Helstu efnahags- og kennitölur bankans eru eftirfarandi:

Í milljónum króna	31.03.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Lán	966.940	880.172	86.768	10%
Aðrar eignir	152.708	155.852	(3.143)	(2%)
Skuldir	904.868	824.640	80.228	10%
Eigið fé	214.607	211.212	3.395	2%
Útlán sem hlutfall af innlánum	151,4%	172,9%		
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	66,4%	72,7%		
Hlutfall eiginfjárbáttar A	27,3%	26,5%		

HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON, BANKASTJÓRI ARION BANKA:

„Afkoma Arion banka á fyrsta ársfjórðungi er í takt við væntingar. Rekstur bankans er stöðugur og bankinn er fjárhagslega sterkur eins og 28% eiginfjárhluftfall ber með sér. Fjárfestingar bankans á síðasta ári hafa jákvæð áhrif á rekstur bankans. Má þar meðal annars nefna aukningu í þóknatekjum í kjölfar þess að Arion banki tók yfir fjármálaþjónustu á Keflavíkurlugvelli í maí 2016. Einnig aukast tekjur vegna tryggingastarfsemi sem nú er stærri hluti af starfsemi bankans eftir að kaup á tryggingafélaginu Verði gengu í gegn á síðasta ári. Frekari áhrif þeirra kaupa eiga eftir að koma fram eftir því sem samstarf félaganna á sviði sölu trygginga eykst. Það er jafnframt ánægjulegt að launakostnaður bankans hækkar aðeins lítillega frá sama tímabili á síðasta ári þrátt fyrir aukin umsvif.

Þau tímamót áttu sér stað í marsmánuði að nýir hlutafar komu í hluthafahóp bankans. Um er að ræða áfanga í söluferli bankans en áfram er unnið að sölu hlutabréfa í bankanum. Líklegt má telja að bankinn verði skráður á markað og að því loknu verði eignarhald dreift meðal innlendra og erlendra fjárfesta. Ekki hefur þó verið tekin endanleg ákvörðun um skráningu að svo stöddu. Það er ánægjulegt að hreyfing sé komin á þessi mál, enda hefur það legið fyrir að eignarhald bankans, eins og það hefur verið frá árinu 2010, væri tímabundið.

Í janúar tók Nýherji, sem er eitt öflugasta fyrirtæki landsins á þessu sviði, yfir rekstur upplýsingakerfa bankans. Við teljum mikil tækifæri fólgin í því að fá til liðs við okkur eitt öflugasta upplýsingatæknifyrirtæki landsins á þessu sviði. Í kjölfarið hóf á þriðja tug starfsfólks Arion banka störf hjá Nýherja. Áfram starfa innan bankans um 80 manns á upplýsingatæknisviði, m.a. við þróun stafrænnar þjónustu bankans og tæknistjórn. Við munum áfram leita eftir samstarfi við aðra á hinum ýmsu sviðum þar sem samnýting getur leitt til hagræðis fyrir alla aðila.

Á síðasta ári kynntum við til leiks nýjar stafrænar lausnir sem viðskiptavinir okkar tóku fagnandi. Má þar til dæmis nefna greiðslumat vegna fasteignakaupa sem nú er hægt að framkvæma á netinu á örfáum mínútum. Í upphafi þessa árs kynntum við svo nýtt stafrænt umsóknarferli fyrir íbúðalán sem er mun styttra og einfaldara en fyrra umsóknarferli. Viðskiptavinir okkar geta nú sótt um íbúðalán á netinu, án þess að koma í útibú, ef þeir kjósa svo. Í maí munum við svo kynna fjórar nýjar stafrænar lausnir. Með þessum nýju lausnum erum við að bregðast við breyttri spurn eftir okkar þjónustu. Við munum halda áfram á þeirri braut að gera okkar þjónustu aðgengilega á netinu og í síma þannig að viðskiptavinir geti sinnt sínum fjármálum þegar þeim best hentar.

Arion banki hefur lagt áherslu á fjölbreytta fjármögnun á liðnum árum. Bankinn stækkaði í janúar skuldabréfaútgáfu frá því í desember 2016 um 200 milljónir evra og nemur útgáfan nú samtals 500 milljónum evra eða um 60 milljörðum króna. Sem fyrr var hluti útgáfunnar nýttur til að greiða niður eldri lán. Það er ánægjulegt að bankanum hefur verið vel tekið á erlendum lánsfjármörkuðum og útgefnum skuldabréfum bankans hefur vegnað vel á eftirmaaði sem sýnir vel trú markaðarins á stöðu og framtíð bankans. Sala hér heima á víxlum og sértrygðum skuldabréfum hefur áfram gengið vel og er mikilvægur hluti af fjármögnun bankans.“



REKSTRARREIKNINGUR

Í milljónum króna	1F 2017	1F 2016	Breyting	Breyt. %
Hreinar vaxtatekjur	7.160	7.273	(113)	(2%)
Hreinar þóknatekjur	3.330	3.218	112	3%
Hreinar fjármunatekjur	1.230	(300)	1.530	(510%)
Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi	447	145	301	208%
Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага	(34)	677	(711)	(105%)
Aðrar rekstrartekjur	380	946	(566)	(60%)
Rekstrartekjur	12.513	11.959	553	5%
Laun og launatengd gjöld	(4.222)	(4.108)	(114)	3%
Annar rekstrarkostnaður	(3.834)	(3.091)	(743)	24%
Bankaskattur	(797)	(742)	(55)	7%
Hrein virðisbreyting	880	(503)	1.383	(275%)
Hagnaður fyrir skatta	4.540	3.515	1.025	29%
Tekjuskattur	(1.334)	(737)	(597)	81%
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi	3.206	2.778	428	15%
Afkoma af aflagðri starfsemi eftir skatta	147	104	43	41%
Hagnaður	3.353	2.882	471	16%

Rekstrartekjur námu 12,5 milljörðum króna á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 12,0 milljarða króna á sama tímabili 2016. Hækkunir milli ára eru tilkomnar vegna hreinna fjármunatekna sem hækka vegna markaðsaðstaðna og hreinar tekjur af tryggingastarfsemi hækka með innkomu Varðar sem dótturfélags undir lok árs 2016. Lækkunir í öðrum tekjum og hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага má rekja til hagnaðar af sölu eigna í ársbyrjun 2016.

Hreinar vaxtatekjur lækka um 2% milli ára og vaxtamunur af meðalstöðu vaxtaberandi eigna nam 2,8% á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 3,1% á sama tímabili 2016. Lækkun hreinna vaxtatekna skýrist einkum af lægri verðbólgu samanborið við fyrra ár og aukningar í skammtíastöðu á lausu fé í lok tímabilsins, sem hefur áhrif á útreikning vaxtamunar.

Hreinar þóknatekjur hækka um 3% milli ára, einkum vegna aukinna umsvifa á viðskiptabankasviði.

Hreinar fjármunatekjur námu 1.230 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi, samanborið við tap upp á 300 milljónir króna á sama tímabili 2016. Hagstæðari markaðsaðstaður með skráð hlutabréf og skuldabréf skýra einkum þessar breytingar milli ára en gangvirðisbreytingar afleiðna sem nýttar eru til áhættuvarna draga fjármunatekjur nokkuð niður á tímabilinu.

Hreinar tekjur af tryggingastarfsemi námu 447 milljónum króna, samanborið við 145 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2016. Aukningin er tilkomin vegna kaupa Arion banka á Verði í lok september 2016.

Hlutdeild í afkomu hlutdeildarféлага var neikvæð um 34 milljónir króna, samanborið við 677 milljóna króna hagnað á sama tímabili 2016. Meginskýringin er hagnaður af sölu eignarhlutar samstæðunnar í Bakkavor Group Ltd. á fyrsta ársfjórðungi 2016.

Aðrar rekstrartekjur lækka um 566 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2017 samanborið við sama tímabil 2016 og nema 380 milljónum króna. Stór hluti hærri fjárhæðar á fyrra tímabili má rekja til söluhagnaðar eigna.

Rekstrarkostnaður nam samtals 8.056 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 7.199 milljónir króna á sama tímabili 2016. Kostnaðarhlutfall var 64,4% samanborið við 60,2% á fyrsta ársfjórðungi 2016. Þessa hækkun á kostnaðarhlutfalli má rekja til hærri kostnaðar, meðal annars vegna innkomu Varðar sem dótturfélags í lok síðasta árs og aukinna umsvifa í Valitor erlendis, og minniháttar breytinga á rekstrartekjum milli ára. Kostnaður sem hlutfall af eignum nam 3,0% á fyrsta ársfjórðungi 2017, samanborið við 2,9% á sama tímabili 2016.

Laun og launatengd gjöld námu 4.222 milljónum króna og hækkuðu um 3% frá fyrra ári. Hækkunina má einkum rekja til kaupa á dótturfélaginu Verði undir lok árs 2016 og fjölgunar starfsfólks í alþjóðlegri starfsemi dótturfélagsins Valitor. Reiknuð meðallaun starfsfólks samstæðunnar hafa lækkað um 2,2% frá sama tímabili 2016 en á sama tíma hækkaði launavísitala um 2%. Fjöldi stöðugilda hjá samstæðunni var 1.204 í lok fyrsta ársfjórðungs sem sýnir hækkun um 41 frá sama tíma fyrir ári. Aukninguna má einkum rekja til fjárfestinga í nýjum viðskiptatækifærum hér á landi og erlendis, þ.e. kaupin á Verði, nýtt útibú í Flugstöð Leifs Eiríkssonar og aukning í alþjóðlegri starfsemi Valitor.



Annar rekstrarkostnaður var 3.834 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2017 en hækkunin nemur 24% frá sama tímabili 2016. Hækkunina má einkum rekja til hins nýja dótturfélags, Varðar, kostnaðar við aukin umsvif í alþjóðlegri starfsemi Valitor og aukins kostnaðar við upplýsingatækni, en bankinn úthýsti að hluta rekstri tölvukerfa sinna til Nýherja nú í byrjun árs.

Hrein virðisbreyting var jákvæð sem nemur 880 milljónum króna á fyrsta ársfjórðungi 2017 en á sama tímabili 2016 var hún neikvæð sem nam 503 milljónum króna. Jákvæð hrein virðisbreyting er einkum komin til vegna greiðslna tengdum nauðasamningum og lokagreiðslna vegna slitabúa sem verið er að gera upp en lánin höfðu áður verið niðurfærð hjá bankanum.

Tekjuskattur nam 1.334 milljónum króna á fjórðungnum samanborið við 737 milljónir króna á fyrsta ársfjórðungi 2016. Tekjuskattur, eins og hann er settur fram í ársreikningi, samanstendur af 20% tekjuskatti af hagnaði og 6% sérstökum fjársýsluskatti sem lagður er á hagnað fjármála fyrirtækja umfram einn milljarð króna. Virkt tekjuskattshlutfall er 29,4% samanborið við 21,0% á fyrsta ársfjórðungi 2016. Hið óvenjulega háa tekjuskattshlutfall á fyrsta ársfjórðungi má m.a. rekja til þess að afkoma móðurfélagsins vegur umtalsvert þyngra í heildarafkomu en fyrri tímabil og þar sem bankinn greiðir viðbótarskatt á hagnað yfir 1 milljarð króna reiknast skatturinn hærri.

Afkoma tekjusviða

Arion banki skiptir rekstrinum í fimm afkomusvið auk dótturfélaga og stoðsviða. Afkomusviðin eru eignastýring, fyrirtækjasvið, fjárfestingarbankasvið, viðskiptabankasvið og fjárstýring.

Afkoma fyrir skatta var jákvæð af öllum afkomusviðum á fyrsta ársfjórðungi 2017.

1.1.-31.3.2017 í milljónum króna	Eignastýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	146	1.656	69	3.974	1.096	219	7.160
Hreinar þóknatekjur	838	176	333	996	(78)	1.065	3.330
Aðrar tekjur	48	176	(31)	55	(271)	2.046	2.023
Rekstrartekjur	1.032	2.008	371	5.025	747	3.330	12.513
Rekstrarkostnaður	(405)	(188)	(194)	(1.681)	(47)	(5.541)	(8.056)
Bankaskattur	0	0	0	0	0	(797)	(797)
Hrein virðisbreyting	0	819	14	20	55	(28)	880
Afkoma fyrir skatta	627	2.639	191	3.364	755	(3.036)	4.540

1.1.-31.3.2016 í milljónum króna	Eignastýring	Fyrirtækja- svið	Fjárfestingar- bankasvið	Viðskipta- bankasvið	Fjárstýring	Höfuðst., dótturfélög og aðrar deildir	Samtals
Hreinar vaxtatekjur	157	1.585	832	4.028	642	29	7.273
Hreinar þóknatekjur	949	256	324	721	(114)	1.083	3.219
Aðrar tekjur	12	10	704	31	0	710	1.467
Rekstrartekjur	1.118	1.851	1.860	4.780	528	1.822	11.959
Rekstrarkostnaður	(389)	(162)	(337)	(1.335)	(50)	(4.925)	(7.198)
Bankaskattur	0	0	0	0	0	(742)	(742)
Hrein virðisbreyting	0	194	1.324	(1.993)	0	(28)	(503)
Afkoma fyrir skatta	729	1.883	2.847	1.452	478	(3.873)	3.516



Eignastýringarsvið skiptist í eignastýringu fagfjárfesta, einkabankaþjónustu, fjárfestingarþjónustu og rekstur lífeyrissjóða. Eignastýring Arion banka stýrir fjármunum fyrir hönd viðskiptavina samkvæmt fyrirfram ákveðinni fjárfestingarstefnu hvers og eins. Jafnframt annast sviðið sölu á sjóðum Stefnis hf. til einstaklinga, fyrirtækja, stofnana og fagfjárfesta sem og sölu á sjóðum alþjóðafyrirtækja. Til viðbótar sinnir sviðið rekstri lífeyrissjóða. Stefnir hf. er sjálfstætt starfandi fjármálafyrirtæki í eigu Arion banka. Stefnir annast stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfa-, fjárfestinga-, og fagfjárfestasjóða.

<i>í milljónum króna</i>	3M 2017	3M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	146	157	(7,0%)
Hreinar þóknatekjur	838	949	(11,7%)
Aðrar tekjur	48	12	300,0%
Rekstrartekjur	1.032	1.118	(7,7%)
Rekstrarkostnaður	(405)	(389)	4,1%
Afkoma fyrir skatta	627	729	(14,0%)

Lækkun rekstrartekna á milli ára má einkum rekja til breytinga í markaðsumhverfi sviðsins. Starfsemin er þó stöðug og eignir í stýringu hafa aukist jafnt og þétt.

Fyrirtækjasvið veitir stærri fyrirtækjum landsins alhliða fjármálaþjónustu og sérsniðnar lausnir sem þjóna þeirra þörfum hverju sinni. Fyrirtækjasvið býður lausnir á sviði fjármögnunar, innlána, greiðslumiðlunar og virðisaukandi rafrænnar þjónustu.

<i>í milljónum króna</i>	3M 2017	3M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	1.656	1.585	4,5%
Hreinar þóknatekjur	176	256	(31,3%)
Aðrar tekjur	176	10	1.660,0%
Rekstrartekjur	2.008	1.851	8,5%
Rekstrarkostnaður	(188)	(162)	16,0%
Hrein virðisbreyting	819	194	322,2%
Afkoma fyrir skatta	2.639	1.883	40,1%

Vaxtamunur fyrirtækjasviðs er mjög svipaður milli ára en lækkun í hreinum þóknatekjum má einkum rekja til minni umsvifa í lánveitingum á fyrsta ársfjórðungi 2017 borið saman við sama tímabil á fyrra ári.

Fjárfestingarbankasvið skiptist í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskipti og greiningardeild. Fyrirtækjaráðgjöf veitir ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja og við stærri fjárhagsákvæðanir sem fyrirtæki og fjárfestar standa frammi fyrir. Fyrirtækjaráðgjöf veitir þannig ráðgjöf er varðar fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja og sér um útboð og skráningu verðbréfa. Markaðsviðskipti annast verðbréfa- og gjaldeyrismiðlun fyrir hönd viðskiptavina bankans. Markaðsviðskipti sjá einnig um útgáfu verðbréfa fyrir viðskiptavini sína og veita ráðgjöf um áhættustýringu, oft í samstarfi við fyrirtækjaráðgjöf. Greiningardeild er sjálfstæð frá öðrum sviðum bankans en heyrir undir fjárfestingarbankasvið. Greiningardeild fjallar um íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði.

<i>í milljónum króna</i>	3M 2017	3M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	69	832	(91,7%)
Hreinar þóknatekjur	333	324	2,8%
Aðrar tekjur	(31)	704	(104,4%)
Rekstrartekjur	371	1.860	(80,1%)
Rekstrarkostnaður	(194)	(337)	(42,4%)
Net impairment	14	1.324	(98,9%)
Afkoma fyrir skatta	191	2.847	(93,3%)



Breytingar voru gerðar á fjárfestingarbankaviði á árinu 2016 þegar stór hluti eignasafns sviðsins var fluttur til annarra deilda, einkum á skrifstofu bankastjóra, sem er hluti af höfuðstöðvum. Af þeim sökum verða umtalsverðar breytingar á hreinum vaxtatekjum og öðrum tekjum milli ára. Hreinar þóknatekjur, sem eru meginstöð tekna sviðsins, eru stöðugar milli ára.

Viðskiptabankasvið veitir margvíslega þjónustu, þ.m.t. innlán og útlán, fjölbreyttar sparnaðarleiðir, greiðslukort, lausnir á sviði lífeyrissparnaðar, tryggingar, verðbréf og sjóði. Til að ná fram hámarksskilvirkni er útibúum samstæðunnar skipt í fimm klasa og fá smærri útibúin stuðning frá stærri einingum innan hvers klasa. Viðskiptavinir viðskiptabankasviðs, sem rekur 24 útibú og afgreiðslur víðs vegar um landið, eru yfir 100.000. Fagfjárfestingarsjóður Arion banka hf. (Arion Bank Mortgages Institutional Investor Fund) tilheyrir viðskiptabankasviði.

<i>í milljónum króna</i>	3M 2017	3M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	3.974	4.028	(1,3%)
Hreinar þóknatekjur	996	721	38,1%
Aðrar tekjur	55	31	77,4%
Rekstrartekjur	5.025	4.780	5,1%
Rekstrarkostnaður	(1.681)	(1.335)	25,9%
Hrein virðisbreyting	20	(1.993)	(101,0%)
Afkoma fyrir skatta	3.364	1.452	131,7%

Rekstartekjur á fyrsta ársfjórðungi hækka um rúm 5% milli ára og aukin áhersla síðustu ára á þóknatengda starfsemi er að skila sér í auknum tekjum. Jákvæður samanburður á hreinum virðisbreytingum útlána milli ára er einkum tilkomin vegna neikvæðra einskíptisáhrifa skuldaleiðréttingar ríkisstjórnarinnar á fyrsta ársfjórðungi 2016, sem gengið var frá með lokagreiðslu frá ríkinu.

Fjárfstýring annast lausafjárfstýringu bankans auk gjaldeyris- og vaxtastýringar. Önnur meginhlutverk fjárfstýringar eru verðlagning fjármagns til útlánasviða og stýring og verðlagning fjármálaafurða.

<i>í milljónum króna</i>	3M 2017	3M 2016	Breyting
Hreinar vaxtatekjur	1.096	642	70,7%
Hreinar þóknatekjur	(78)	(114)	(31,6%)
Aðrar tekjur	(271)	0	-
Rekstrartekjur	747	528	41,5%
Rekstrarkostnaður	(47)	(50)	(6,0%)
Hrein virðisbreyting	55	0	-
Afkoma fyrir skatta	755	478	57,9%

Rekstartekjur fjárfstýringar hækka milli ára, einkum vegna hærri vaxtatekna af innstæðum hjá Seðlabanka en tap í öðrum tekjum má rekja til neikvæðra gangvirðisbreytinga afleiðna sem notaðar eru til áhættuvarna en eru ekki bókfærðar samkvæmt áhættuvarnarreikningsskilum. Verðbólga er að jafnaði mjög lág á fyrsta ársfjórðungi og af þeim sökum er vaxtamunur alla jafna lágur í fjárfstýringu á því tímabili.



EFNAHAGSREIKNINGUR

Heildareignir samstæðu Arion banka jukust um 8% frá árslokum 2016. Einkum má rekja hækkunina til aukningar á sjóð og innstæðum hjá Seðlabanka Íslands og lána til viðskiptavina en lán til lánastofnana og verðbréfaeign lækkar.

<i>Í milljónum króna</i>	31.03.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands	178.593	87.634	90.960	104%
Lán til lánastofnana	68.149	80.116	(11.967)	(15%)
Lán til viðskiptavina	720.198	712.422	7.776	1%
Verðbréfaeign	110.674	117.456	(6.782)	(6%)
Fjárfestingareignir	5.911	5.358	553	10%
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum	818	839	(21)	(2%)
Óefnislegar eignir	11.121	11.057	64	1%
Aðrar eignir	24.184	21.142	3.042	14%
Eignir samtals	1.119.648	1.036.024	83.626	8%

Sjóður og innstæður hjá Seðlabanka Íslands námu 178.593 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2017, samanborið við 87.634 milljónir króna í árslok 2016. Aukninguna má einkum rekja til skammtíma innlána frá fagfjárfestum, sem voru lögð inn hjá bankanum í lok ársfjórðungsins.

Lán til viðskiptavina námu 720.198 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2017, sem er 1% aukning frá áramótum. Lán til fyrirtækja hafa aukist um 1,7% á tímabilinu, einkum tengt fasteignum, heildsölu og smásölu. Lán til einstaklinga jukust um innan við 1% á fyrsta ársfjórðungi. Hlutfall vandræðalána bankans lækkar úr 1,6% í 1,5% á fjórðungnum en vandræðalán eru skilgreind sem bókfært virði lána sem komin eru í 90 daga vanskil og lána sem talin eru þurfa sértæka niðurfærslu. Þegar horft er til hlutfalls lána bankans sem hafa verið niðurfærð var það hlutfall 2,4% í lok mars 2017 og hafði lækkað úr 3,2% í árslok 2016.

Verðbréfaeign nam 110.674 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2017, samanborið við 117.456 milljónir króna í árslok 2016. Verðbréfaeign lækkar bæði vegna sölu eigna, m.a. sölu á öllum eignarhlutum bankans í Fasteignafélaginu Reitum og Símanum hf. Breytingar á verðbréfaeign má einnig að nokkru rekja til lausafjárstyringar bankans.

Skuldir samstæðu Arion banka hækka nokkuð frá áramótum og má rekja þá hækkun til hækkunar á skammtíma innlánnum og nýrrar lántöku. **Eigið fé** hækkar vegna afkomu fyrsta ársfjórðungs 2017.

<i>Í milljónum króna</i>	31.03.2017	31.12.2016	Breyt.	Breyt.%
Innlán lánastofnana og Seðlabanka Íslands	9.689	7.987	1.702	21%
Innlán frá viðskiptavinum	475.641	412.064	63.577	15%
Fjárskuldir á gangvirði	3.922	3.726	196	5%
Aðrar skuldir	59.983	61.387	(1.404)	(2%)
Lántaka	355.633	339.476	16.157	5%
Eigið fé hluthafa	214.607	211.212	3.395	2%
Minnihluti	173	172	1	1%
Skuldir og eigið fé samtals	1.119.648	1.036.024	83.623	8%

Innlán frá viðskiptavinum námu 475.641 milljón króna í lok fyrsta ársfjórðungs samanborið við 412.064 milljónir í árslok 2016. Aukningin er einkum tilkomin vegna skammtímainnlána frá fagfjárfestum sem greidd voru inn í lok fjórðungsins en munu ekki endurspeglar framtíðar innlánastöðu hjá bankanum.

Lántaka bankans nam 355.633 milljónum króna í lok tímabilsins. Arion banki gaf út 200 milljóna evru skuldabréf í janúar og bætti þar með við útgáfu sína frá því í nóvember, sem er nú upp á 500 milljónir evra. Sú útgáfa var að hluta notuð til að greiða niður skuldabréf í Bandaríkjadöllum sem eru í eigu Kaupþings, en eftirstandandi fjárhæð þeirra er nú um 11,4 milljarðar króna eða sem nemur 100 milljónum dollara. Þá gaf bankinn út þrjár minni útgáfur erlendis upp á samtals 5,1 milljarð króna í norskum og sænskum krónum. Bankinn hélt einnig áfram útgáfu sértryggðra skuldabréfa á íslenska markaðnum og gaf út 4,7 milljarða króna á fjórðungnum.



Eigið fé hluthafa bankans nam 214.607 milljónum króna í lok fyrsta ársfjórðungs 2017 samanborið við 211.212 milljónir króna í lok árs 2016. Hækkunin skýrist nær alfarið af afkomu tímabilsins, en engin ákvörðun hefur verið tekin um arðgreiðslu á árinu. Hlutfall eiginfjárbáttar A hjá bankanum nam 27,3% í lok tímabilsins samanborið við 26,5% í árslok 2016. Samkvæmt reglum FME um útreikninga eiginfjárlutfalls er ekki heimilt að taka tillit til afkomu nema að uppgjör séu árituð af endurskoðanda. Eiginfjárlutfall samkvæmt reglum FME var 26,9% í lok mars samanborið við 26,5% í lok árs 2016.

ATBURÐIR EFTIR LOK ÁRSFJÓRÐUNGS FRAM AÐ BIRTINGU

Þann 10. maí lét Monica Caneman, sem verið hefur stjórnarformaður Arion banka frá árinu 2010, af stjórnarsetu í bankanum. Guðrún Johnsen sem verið hefur varaformaður stjórnar tekur við sem stjórnarformaður.



KENNITÖLUR

	3 mán. '17	2016	3 mán '16
Arðsemi eigin fjár	6,3%	10,5%	5,7%
Arðsemi eigna	1,2%	2,1%	1,1%
Vaxtamunur á vaxtaberandi eignir	2,8%	3,1%	3,1%
Vaxtamunur á heildareignir	2,7%	2,9%	2,9%
Kostnaðarhlutfall	64,4%	57,2%	60,2%
Kostnaður sem hlutfall af eignum	3,0%	3,0%	2,9%
Virkur tekjuskattur	29,4%	23,5%	21,0%
CAD hlutfall (Eiginfjárlutfall)	28,0%	27,1%	27,0%
Tier 1 hlutfall	27,3%	26,5%	26,2%
Vandræðalán	1,5%	1,6%	2,1%
Heildar niðurfærð lán / Heildar lán	2,4%	3,2%	3,7%
Áhættuvegnar eignir sem hlutfall af heildareignum	66,4%	72,7%	71,5%
Útlán sem hlutfall af innlánnum	151,4%	172,9%	160,2%
Meðalfjöldi stöðugilda	1.209	1.201	1.150
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - samstæða	1.204	1.239	1.163
Meðalfjöldi stöðugilda - móðurfélag	833	889	878
Fjöldi stöðugilda í lok tímabils - móðurfélag	827	869	884

FJÁRHAGSLEG MARKMIÐ

Á seinni hluta ársins 2016 setti Arion banki sér eftirfarandi markmið til næstu fjögurra til fimm ára.

- *Eiginfjárrafrá (CET 1)* Lækka niður undir 17%
- *Lánavöxtur* Lánavöxtur sé umfram vöxt í efnahagslífinu á næstu árum
- *Arðsemi eigin fjár* Ná tveggja stafa arðsemi
- *Arðgreiðslustefna* Arðgreiðsluhlutfall í kringum 50% af hagnaði til hluthafa
- *Kostnaðarhlutfall* Lækka í um það bil 50%

FUNDUR MEÐ MARKAÐSAÐILUM

Arion banki mun halda símafund á ensku fyrir markaðsaðila, föstudaginn 12. maí, klukkan 13:00. Á fundinum mun Stefán Pétursson, fjármálastjóri Arion banka, fara yfir helstu atriði í uppgjöri bankans. Áhugasamir geta sent tölvupóst á ir@arionbanki.is og fá í kjölfarið sendar nánari upplýsingar varðandi þátttöku á símafundinum.

Nánari upplýsingar veitir Haraldur Guðni Eiðsson, samskiptasviði Arion banka, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s: 856 7108.

FJÁRHAGSDAGATAL 2017

Samkvæmt áætlun munu uppgjör bankans verða birt sem hér segir:

Árshlutauppgjör 2F 2017 23. ágúst 2017
 Árshlutauppgjör 3F 2017 15. nóvember 2017

Dagatalið er birt með fyrirvara um breytingar.